




Reykjavík, 27. mars 2025
USK25020061

Laugarnesvegur 69 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa /breyting á deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2025 var lögð fram fyrirspurn Sveins Ólafs Arnórssonar, dags. 5. febrúar 2025, um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis norðan Sundlaugavegar vegna lóðarinnar nr. 69 við Laugarnesveg, sem felst í stækkun lóðarinnar, samkv. skissu á yfirlitsmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Samþykkt deiliskipulag



Tillaga af stækkun lóðarinnar nr. 69

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarsvæði, Teigar.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Teigahverfi norðan Sundlaugavegar, samþykkt í borgarráðs dags. 7.11.2013

Umsögn

Húsið á lóð nr. 69 við Laugarnesveg hefur nú fengið lóðarstækkun sem inniber lóðarskika bak við þeirra hús, sjá kort hér til hliðar, rauðu línurnar sýna samþykkt lóðarmörk.

Samkvæmt skilmálum gildandi deiliskipulags er meðal annars svo hljóðandi um lóðarstækkunir: “Lóðarhafar við 69,71,73, 75,77 og 79 hafa heimildir til lóðarstækkunar til vesturs að Kirkjusandalóðinni. Sækja þarf sérstaklega um lóðarstækkunina. Lóðarhafar lóða við Laugarnesveg 53, 55,57,59,61,63,65 og 67 hafa einnig heimild til sömu stækkunar og lóðir sem nefndar eru hér að ofan.”

Það er mikilvægt að tryggja jafnræði, lóðarhafi nr. 69 hefur þegar fengið stækkun á sinni lóð. Lóð nr. 67 við Laugarnesveg hefur ekki fengið stækkun. Í ljósi þessa er eðlilegt að lóð nr. 67 fái tækifæri til að stækka sína lóð, hvort sem það er núna eða í framtíðinni.

Niðurstaða

- Neikvætt að breyta deiliskipulagi samanber umsögn hér að ofan.



Reykjavík



Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir

arkitekt og verkefnastjóri